

Ályktunartillögur stjórnar Klappa Grænna Lausna hf.

fyrir aðalfund félagsins þann 14. maí 2024.

Dagskrárliður 3

Tillaga um staðfestingu á ársreikningi félagsins

Stjórn félagsins leggur til að ársreikningur fyrir árið 2023 verði samþykktur. Ársreikningur félagsins vegna ársins 2023 er aðgengilegur á vefsíðu Klappa Grænna Lausna hf.

www.klappir.com/investors. Ársreikningurinn verður kynntur af forstjóra félagsins, Jóni Ágústi Þorsteinssyni.

Dagskrárliður 4

Ákvörðun um tillögu stjórnar um hvernig skuli fara með hagnað eða tap ársins 2023

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur arður til hluthafa vegna ársins 2023 og að hagnaður ársins 2023 leggist við eigið fé félagsins.

Dagskrárliður 6

Kosning endurskoðenda félagsins

Stjórn félagsins leggur til að KPMG ehf, og Jón Arnar Óskarsson endurskoðandi sem þar starfar, verði kjörið endurskoðunarfirma félagsins.

Dagskrárliður 7

Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna

Lagt er til að stjórnarlaun verði óbreytt eða sem nemur kr. 50.000 fyrir hvern setinn stjórnarfund.

Dagskrárliður 8

Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins

Stjórn félagsins leggur til að framlögð starfskjarastefna verði samþykkt óbreytt. Stjórnarformaður félagsins, Ágúst Einarsson, skýrir frá framkvæmd áður samþykktar starfskjarastefnu.